

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um skipulag byggðar í Geldinganesi

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að hafist verði handa við skipulagningu framtíðaríbúðasvæðis í Geldinganesi, með hliðsjón af skipulagsvinnu Sundabrautar. Sérstök áhersla verði lögð á að fyrirhuguð Sundabraut falli vel að framtíðarbyggð í Geldinganesi. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að leggja fram viðeigandi tillögur að breytingu á aðalskipulagi vegna málsins og annast aðra skipulagsvinnu eftir því sem þörf krefur.